

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2022
UST202204-191/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Matsáætlun - Stækkun Mjóeyrarhafnar. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Að mati Umhverfisstofnunar er greinargerðin mjög ítarleg og vel unnin. Aflað hefur verið allra nauðsynlegra gagna. Myndræn framsetning er mjög góð.

Landfyllingu er að hluta lokið. Umhverfisstofnun telur jákvætt að umframefni sem til fellur við framkvæmdir s.s. uppmokstur úr húsgrunnum sé nýttur sem fyllingaefni eins og hér hefur verið gert. Þetta verklag ætti að viðhafa oftari og ætti að gera slíkt við næstu áfanga uppbyggingar Mjóeyrarhafnar.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að skoða hvernig best sé að koma efnislosun af þessu tagi í fastari skorður.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur